

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 157/2001 um húsbréf og húsbréfavíðskipti.

1. gr.

Bætist við ný mgr., 2. mgr., við 16. gr. og orðist 16. gr. svo:

Húsbréfadeild heimilar ekki fyrirgreiðslu vegna endurkaupa á íbúð hvorki yfirtöku á skuld samkvæmt fasteignaveðbréfi né skuldabréfaskipti nema liðin séu a.m.k. þrjú ár frá því að afsali vegna fyrri sölunnar var þinglýst og núverandi kaupandi hafi ekki nýtt íbúðina í millitíðinni samkvæmt íbúðavottorði.

Upphaflegum kröfuhafa er þó heimil fyrirgreiðsla við endurkaup á íbúð sem hann hefur afsalað, ef hann hefur í millitíðinni fengið afsal fyrir annarri íbúð frá þriðja aðila.

2. gr.

Í stað 6.420.000 kr. í 1. mgr. 19. gr. kemur: 8.000.000 kr.

3. gr.

Í stað 7.714.000 kr. í 1. mgr. 21. gr. kemur: 9.000.000 kr.

4. gr.

38. gr. orðist svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs getur heimilað veðlánaflutning við eigendaskipti á íbúð. Skilyrði fyrir veðlánaflutningi er að veðstaða lánsins eftir veðlánaflutning sé fullnægjandi í samræmi við reglur sjóðsins um lánveitingar og leiði ekki til aukinnar áhættu fyrir sjóðinn.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 50. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. maí 2001.

Páll Pétursson.

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir.